

**M-9/2018. Álit 22. nóvember 2018.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 22. nóvember 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-9/2018.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 9. febrúar 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið. Bifreiðin var keypt af Y, en hún keypti bifreiðina í bifreiðaviðskiptum við Z, aðeins einum degi áður en hún seldi álitsbeiðanda bifreiðina. Álitsbeiðandi beinir kröfum sínum að þeim síðarneftnda, Z, fyrri eiganda bifreiðarinnar, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift en krefst til vara skaðabóta vegna viðgerðarkostnaðar.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 20. febrúar 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust þann 27. febrúar 2018. Neftndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 25. júní 2018, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 þann 14. ágúst 2014 af þriðja aðila sem hafði keypt bifreiðina af seljanda einum degi áður í bifreiðaviðskiptum. Kaupverðið var 2.050.000 krónur. Bifreiðin er af gerðinni Nissan Pathfinder, árgerð 2006 og hafði verið ekin 144.000 km. á kaupdegi. Álitsbeiðandi kveðst hafa fengið þær upplýsingar frá bílasölunni sem hafði milligöngu um kaupin að bifreiðin væri í góðu standi fyrir utan smávægilegar athugasemdir úr ástandsskoðun varðandi rispúr á lakki, dekk voru léleg og annan hliðarspegil vantaði. Álitsbeiðandi fór einnig með bifreiðina í stutta skoðun hjá Þ, fyrir kaupin.

Fljótlega eftir kaupin kveðst álitsbeiðandi hafa áttað sig á því að nauðsynlegar upplýsingar hefðu ekki verið gefnar upp við kaupin. Þegar bifreiðin var tekin í sundur á verkstæði kom í ljós að tölverk vatnsmagn hefði lekið inn á skiptinguna og miklar líkur voru á að sjálfsskipting, ventlabox og túrbína væru ónýt. Verkstæðið gerði viðeigandi ráðstafanir og „flössaði“ bifreiðina til að ná vatninu út og átti að gefa bifreiðinni smá tíma áður en ráðist væri í frekari viðgerðir. Álitsbeiðandi hafði samband við bílasöluna í kjölfarið og lét vita af því sem komið hafði í ljós. Skiptingin fór svo fljótlega að „hefða sér furðulega, sem lýsti sér þannig að bifreiðin fór í neutral gír þegar honum var ekið í fjórða og fimmta gír“. Álitsbeiðandi endaði á að fara margar ferðir með bifreiðina á verkstæði Þ, en erfitt reyndist að finna út hvað væri að. Nokkru eftir seinustu verkstæðisheimsóknina bilaði bifreiðin á miðri hraðbraut og fór ekki í gang. Í ljós kom að sjálfsskiptingin væri ónýt.

Nokkru síðar kveðst álitsbeiðandi hafa komist að því fyrir hreina tilviljun að bifreiðin hefði verið seld nokkru áður á uppboði fyrir töluvert lægri fjárhæð en álitsbeiðandi hafði keypt hana á. Í þeirri auglýsingu kom fram að bifreiðin hefði lent í vatnstjóni og legið ofan í á í einhvern tíma. Bifreiðin hefði verið send á palli í þurrkun til Þ, á sínum tíma. Í auglýsingunni sagði einnig að bifreiðin væri gangfær. Bifreiðin hafði einnig verið send á verkstæði á Sauðárkróki til að reyna að laga hana frekar. Þetta var í október 2015 og sendi

álitsbeiðandi bílasölunni strax þessar upplýsingar. Samkvæmt álitsbeiðanda var það seljandi sem keypti bifreiðina á uppboði.

Álitsbeiðandi tekur fram að hún hafi ekki verið upplýst um rétt ástand bifreiðarinnar við sölu og upplýsingum hefði verið leynt við kaupin. Álitsbeiðandi vill því rifta kaupunum en til vara fá greiddar skaðabætur vegna viðgerðarkostnaðar. Áætlaður kostnaður vegna viðgerðar á sjálfsskiptingu er um 1.700.000 krónur en ekki liggur fyrir hvort búið sé að gera við skiptinguna. Upplýsingar um eftirfarandi viðgerðarkostnað liggja fyrir hjá kæruneftndinni:

Viðgerð 12. nóvember 2014 fyrir 54.591 krónur.

Viðgerð 11. febrúar 2015 fyrir 142.471 krónur.

Viðgerð 17. apríl 2015 fyrir 15.884 krónur.

Skoðun 21. maí 2015 fyrir 12.560 krónur.

Viðgerð 2. júní 2015 fyrir 98.003 krónur.

Viðgerð 29. júní 2015 fyrir 26.876 krónur.

Viðgerð 1. júlí 2015 fyrir 12.560 krónur.

Viðgerð 3. júlí 2015 fyrir 55.000 krónur.

Viðgerð 23. febrúar 2016 fyrir 16.700 krónur.

Reikningur að fjárhæð 76.567 krónur.

Reikningur að fjárhæð 15.058 krónur.

#### IV

##### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að hann hafi fest kaup á bifreiðinni af Æ, fyrir 4.500.000 krónur þann 30. nóvember 2012 fyrir milligöngu Ö. Telur álitsbeiðandi að Æ, hafi keypt bifreiðina á uppboði þann 26. október 2012. Seljandi kveðst ekki hafa vitað um uppboðið og því síður um vatnstjónið sem sagt er frá í uppboðsgögnum. Segir seljandi að þessum upplýsingum hafi verið haldið leyndum fyrir honum og að hann hefði ekki fest kaup á bifreiðinni ef hann hefði vitað þetta. Seljandi kveðst hafa lent í vandræðum með bifreiðina og farið með hana á verkstæði til að láta „taka hana í gegn“. Þar hafi komið fram að hugsanlega sé raki í bifreiðinni en „ekkert hafi verið fast í hendi með það“. Eftir viðgerðina hafi bifreiðin farið í skoðun og átti hún að vera í góðu standi eftir skoðunina áður en hann seldi bifreiðina. Seljandi hafnar öllum kröfum álitsbeiðanda og bendir á að aldrei hefur áður verið haft samband við hann vegna þessa máls fyrr en hann fékk bréf frá kæruneftndinni.

#### V

##### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Álit kæruneftndarinnar nr. 90/2015, sem gefið var út þann 26. október 2016, fjallar um sömu bifreið en aðilar málsins eru ekki þeir sömu og því er ekki um endurupptöku á eldra máli að ræða. Álitsbeiðni þeirri var vísað frá kæruneftndinni.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 af þriðja aðila þann 14. ágúst 2014 fyrir 2.050.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2006 og var því um átta ára og hafði verið ekin 144.000 km. á kaupdegi.

Kærunefndin álitur að ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) eigi við um ágreining málsins, en ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“

Fram hefur komið í málinu að álitsbeiðandi hafði ekki samband við seljanda vegna ágreiningsins og vissi seljandi ekki af ágreiningnum fyrr en kærunefndin sendi honum afrit af gögnum málsins og gaf honum færi á að senda inn andsvör vegna málsins. Seljanda var því ekki tilkynnt um meintan galla fyrr en rúmlega þremur og hálfu ári eftir kaupin þegar frestur samkvæmt 2. mgr. 27. gr. nkpl. var liðinn. Samkvæmt 4. mgr. 27. gr. nkpl. glatar neytandi þó ekki rétti sínum til að bera fyrir sig galla, þrátt fyrir að hann tilkynni ekki um galla innan tímamarka ákvæðisins, ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú. Kærunefndin álitur að undantekningarákvæði 4. mgr. 27. gr. nkpl. geti átt við í málinu og hefur áhrif í því sambandi að ekki verður litið svo á að álitsbeiðandi hafi sýnt af sér tómlæti heldur aðeins tilkynnt röngum aðila um meintan galla.

Ber því næst að meta hvort bifreiðin geti talist haldin galla í skilningi nkpl. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 14. ágúst 2014, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. nkpl., en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur

sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Af gögnum málsins má ráða að seljandi hafi keypt bifreiðina í gegnum bílasölu en ekki á uppboði. Hefur fyrri eigandi því að öllum líkindum fest kaup á bifreiðinni á uppboði eftir að hún hafnaði ofan í á, en ekki seljandi. Hins vegar kemur fram í gögnum málsins að seljandi hafi fengið vitneskju um „leka“ í bifreiðinni þegar hún fór í viðgerð á verkstæði vegna bilunar. Í skjölum frá bifreiðaverkstæði eftir skoðun á bifreiðinni má finna lýsingu á því hvernig umþrættur leki bar fyrir sjónir, en þar er ýmist rætt um að bifreiðin „flóðleki“, „allt sé á floti“ og sambærilegar lýsingar. Er því harla ólíklegt að seljandi, sem átti bifreiðina í um það bil tvö ár samkvæmt gögnum málsins, hafi ekki orðið var við leka í bifreiðinni. Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur samkvæmt framangreindu að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. Til stuðnings þeirri niðurstöðu ber að líta til þess að undantekningarákvæði 4. mgr. 27. gr. nkpl. nær einkum yfir galla sem rekja má til atvika sem seljandinn vissi um eða gat ekki verið ómeðvitaður um en skýrði neytanda ekki frá. Í frumvarpi til laganna er tekið dæmi um slík atvik ef seljandi bifreiðar upplýsir ekki að bifreiðin hafi áður skemmst mikið í árekstri ef einmitt það atriði skiptir máli við mat á gallanum.

Álitsbeiðandi hefur krafist riftunar vegna gallans en til vara greiðslu skaðabóta vegna kostnaðar við viðgerð á bifreiðinni. Ekki er unnt að fallast á riftun kaupanna þegar litið er til allra aðstæðna málsins og þá sérstaklega hversu langt er um liðið frá því að kaupin fóru fram. Ber því að meta hvort álitsbeiðandi geti krafist skaðabóta samkvæmt 33. gr. nkpl. Álitsbeiðandi hefur lagt fram marga reikninga vegna viðgerðar á bifreiðinni. Kostnaðarliðir sem rekja má beint til rakaskemmda á bifreiðinni eru þar í meirihluta en þó er þar einnig að finna reikninga fyrir vinnu bifvélavirkja við aðra hluti. Samanlögð fjárhæð þeirra reikninga er 526.270 krónur. Álítur kærunefndin að seljanda beri hæfilega að greiða 100.000 krónur vegna þeirra viðgerða. Sú fjárhæð tekur tillit til þess tíma sem er liðinn frá kaupunum og þeim tíma sem leið þar til seljanda var gert viðvart um galla í bifreiðinni.

Þá vill nefndin taka það sérstaklega fram að álitsbeiðandi getur beint kröfum sínum að seljanda, samkvæmt 35. gr. nkpl., en seljandi kann aftur á móti að eiga kröfu á hendur þeim sem hann keypti bifreiðina af. Kærunefndin tekur þó ekki afstöðu til þess enda er sá seljandi ekki aðili að máli þessu.

## VI

### Álitsorð

Seljanda, Z, ber að greiða álitsbeiðanda, X, 100.000 krónur í skaðabætur.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson